



**Tegund eignar :** Einbýlishús

**Bæjarfélag / Hverfi :** La Finca Golf

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 4

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Einka

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til suð-austurs

**Útsýni :** Yfir sundlaugarsvæði og garð

**Bílastæði :** Einkabílastæði á lóð

**Fermetra stærð eignar :**

197,6 m<sup>2</sup>

**Stærð lóðar :**

303 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :**

20,69 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :**

40 min

**Strönd :**

15 min

**Borg :**

10 min

**Golf :**

2 min

✓ Kjallari

✓ Verönd

✓ Heimilistæki

✓ Loftkæling

Perla Investments kynnir stórglæsilegt nýtt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara á frábærum stað við golfvöllinn La Finca á Costa Blanca ströndinni. Húsið hefur að geyma 3 svefnherbergi og 5 baðherbergi, þar af eitt í kjallara. Glæsilegt og rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með gæða heimilistækjum, borstofu og stofu. Fallegur sér garður með sundlaug, útisturtu og sér bílastæði með rafdrifnu hliði fylgir einnig eigninni. Kjallarinn er mjög rúmgóður og þar er möguleiki á að útbúa tómsundarherbergi, svefnherbergi, bíóherbergi eða jafnvel vinkjallara. Gæði eignarinnar, staðsetning og nálægð við alla þjónustu gera þessa eign að hinum fullkomna áfangastað hvort sem er til skammtíma eða langtíma dvalar.

Í næsta nágrenni við hverfið finnurðu alla nauðsynlega þjónustu í bænum Algorfa, s.s. veitingastaði, súpermarkaði, almenningsamgöngur o.fl. En auk þess ertu í göngufæri við verslunarkjarna þar sem mikið er um veitingastaði og bari, Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin er líka skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, hvort sem þú villt spila heimavöllinn þinn La Finca, eða reyna við aðra velli í nágrenninu, en 8 átján holu vellir eru í innan við 20 mínútna fjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Í göngufæri er að finna mikið úrval bara, kaffihúsa, veitingastaða, matvöruverslunum og apótek.

Hafðu samband til að fá frekari upplýsingar!